

Menntastefna VR 2025-2027

VR leggur áherslu á að félagsfólk hafi raunveruleg tækifæri til að efla þekkingu sína og hæfni, bæði í formlegu og óformlegu námi¹, og að þróun þeirra í starfi sé stöðug og í takt við hraðar breytingar á vinnumarkaði. VR leggur áherslu á að félagsfólk geti staðið sterkt gagnvart tæknibreytingum, nýjum hæfnikröfum og stöðugum breytingum á vinnumarkaði. VR tekur virkan þátt í þeim verkefnum í íslensku samfélagi sem talin eru til framdráttar varðandi frekari menntun og hæfni félagsfólks VR. Menntastefna VR byggir á jöfnu aðgengi, sí- og endurmenntun, samstarfi og ábyrgri upplýsingagjöf.

Helstu áherslupættir VR er varða menntastefnu VR 2025-20275 eru:

1. Aukin hæfni félagsfólks

- VR vill stuðla að aukinni menntun meðal félagsfólks sem ekki hefur lokið við grunnmenntun.
- VR leggur áherslu á að félagsfólki gefist ávallt kostur á að auka hæfni sína með sí- og endurmenntun.
- VR hvetur félagsfólk sitt til að undirbúa sig fyrir frekari breytingar og leita leiða til að takast á við mögulegar breytingar á störfum í framtíðinni.
- VR stuðlar að framfylgi aðgerðaráætlunar samkvæmt samstarfssamningi VR/LÍV og SVP undirrituðum í mars 2023 um aukna hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu.

2. Samvinna innan skólasamfélagsins í heild sinni

- VR er virkur þátttakandi í framþróun náms og námsúrræða fyrir félagsfólk.
- VR tekur þátt í verkefnum á öllum skólastigum.
- VR stuðlar að aukinni samvinnu við símenntunarmiðstöðvar.
- VR vinnur með hagsmunaaðilum til aukinnar hæfni fyrir félagsfólk sitt.

3. Síbreytileg og uppfærð upplýsingagjöf til félagsfólks

- VR tryggir skýrt aðgengi félagsfólks að upplýsingum um frekara nám og leiðum til hæfniaukningar.
- VR upplýsir félagsfólk um hvaða breytingar geta orðið á vinnumarkaði og á störfum þess.

4. Raunfærnimat og starfsþróunarráðgjöf?

- VR stuðlar að því að hæfni sem félagsfólk hefur áunnið sér verði metin/skrásett.
- VR stuðlar að því að aðgengi í raunfærnimat í almennri starfshæfni verði gott.
- VR stuðlar að því að raunfærnimat skili félagsfólki ávinningi til styttingar á formlegu námi.